



1. stjórnarfundur DÍS

Dagsetning: 03.06.2024 kl 18:00.

Staðsetning: Engihjalli 8, 200 Kópavogi.

Mættir: Linda, Ágúst, María Lilja og Þóra Hlín. Sigursteinn og Anna Berg voru rafræn.

Linda ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Praktísk mál

Stjórnarmenn kynntu sig og formaður fór yfir helstu atriði varðandi stjórnarstarfið. Ákveðið að stjórnarfundir verði aðra hverja viku á þriðjudögum frá kl 18:00-19:30. Síðasti stjórnarfundur fyrir sumarfrí verður þriðjudaginn 18. júní nk og starfið hefjist á ný eftir miðjan ágúst.

2. Áherslumál starfsársins

Ákveðið að áherslumál starfsársins yrðu þrjú. Áfram verði unnið að því að eftirlit með velferð dýra verði bætt hér á landi, hvalveiðar og málefni refa og sela.

3. Heimasíðan og samfélagsmiðlar

Formaður leggur til að sambandið fái nýja heimasíðu. María Lilja athugar með aðila varðandi heimasíðugerð. Nálgun sambandsins á samfélagsmiðlum rædd. Ákveðið að birta efni frá öðrum þegar það á við, þ.e. ákveðið sérstaklega hverju sinni. Það þarf að móta þennan þátt sérstaklega, verður tekið fyrir síðar.

4. 110 ára afmælishátíð DÍS

Ákveðið að halda hátíðina fimmtudaginn 3. október sem verði bæði málþing og afmælishátíð DÍS. Umræður um yfirskrift, rætt aftur á næsta stjórnarfundu.

5. Höfði í Þverárhlið

Ljóst að velferð dýra er ekki varin á þessum stað, um að ræða áratuga gamalt mál sem sífellt er í ferli hjá yfirvöldum án þess að aðbúnaður dýranna breytist. DÍS hefur fengið svar við kvörtun sem sambandið sendi umboðsmanni Alþingis varðandi vinnubrögð Matvælastofnunar og



sveitarfélagsins Borgarbyggðar, þar sem sambandið sé ekki aðili máls geti umboðsmaður ekki tekið málið lengra. Ákveðið að kæra Matvælastofnun til matvælaráðuneytis. Anna setur upp bréfið.

6. Dánir hvolpar sem fundust í Mosfellsbæ

Dánir hvolpar fundust í poka í Mosfellsbæ í lok apríl. Tilkynnt var til lögreglu en forstjóri MAST sagði í viðtali nokkrum dögum síðar að engin tilkynning hefði borist þeim og hvatti viðkomandi til að hafa samband við stofnunina. Hér er ljóst að pottur er brotinn en nóg er að tilkynna til lögreglu. Ákveðið að ræða þetta á fundi með ríkislögreglustjóra. Linda óskar eftir fundi.

7. Sleppingar á kaninum út í náttúruna

Enn er algengt að gæludýraeigendur sleppi kaninum út í náttúruna en slíkt er bannað. Kaninum sem er sleppt bíður hörmulegur dauðdagi, flestar deyja úr vösbúð. Ákveðið að styðja dýraverndarfélagið Villikanínur með því að deila herferð á samfélagsmiðlum. Linda ræðir við formann félagsins.

8. Önnur mál

i) Starfsmaður DÍS

Sigursteinn benti á að mikil vinna væri unnin af formanni og nauðsynlegt væri að fá félaginu starfsmann sem fyrst. Umræður um verkefni starfsmanns. Formaður kynnir fjárhagsstöðu sambandsins á næsta fundi og ráðning starfsmanns rædd. Ákveðið að senda fyrirspurn á MAR varðandi hvenær sambandið getur sótt um styrk vegna starfsmanns.

Fundi slitið kl 20:00.

Næsti stjórnarfundur verður þann 18. júní.



2. stjórnarfundur DÍS

Dagsetning: 18.06.2024 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur

Mættir: Linda, Sigursteinn, Þóra Hlín, María Lilja og Ágúst. Anna Berg forfallaðist.

Ágúst ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

2. Tekjur og útgjöld

Farið var yfir tekjur og útgjöld félagsins ásamt styrktaráttaki sem nú er í gangi hjá sambandinu. Gjaldkeri og formaður fá það hlutverk að fara yfir reikningana ekki síst með vaxtastöðu í huga. Þau ásamt stjórn mun jafnframt leggja drög að fjárhagsáætlun næsta starfsárs.

3. Starfsmannamál DÍS

Stjórn ræddi hugsanlega ráðningu hlutastarfsmanns sambandsins og munu formaður ásamt Sigursteini leggja drög að starfslýsingu sem aðrir stjórnarmenn munu einnig yfirfara. Undir þessum lið var einnig rædd verkaskipting milli stjórnarmanna og mun formaður sjá um að útdeila hugmyndum að verkefnum fyrir stjórnarmenn.

4. Afmælishátíð DÍS

Upplagg og skipulag slíkrar 110 ára afmælishátíðar var rætt. Stefnt verður að „Hátíð dýrarvelferðar“ þann 7.nóv 2024 þar sem t.d. yrðu áföngum í dýravernd sl. 110 ár fagnað. Að sama skapi yrði litið til framtíðar til þeirra verkefna sem nú eru framundan. Hugmyndir af staðsetningu voru ræddar og mun María Lilja m.a. skoða staðsetningu í Elliðaárdal. Aðrir staðir sem voru nefndir voru salir Hjálpræðishersins, Norræna húsið, húsnæði háskólanna o.s.frv. Rætt var um að bjóða fulltrúum annarra dýraverndar- og hjálparsamtaka um að taka þátt t.d. með kynningu á sinni starfsemi í básum. Stjórnarmenn eru beðnir milli funda að hugsa um hugsanlega fyrirlesara og enn frekar um upplagg hátíðarinnar. Þóra lýsir yfir miklum áhuga að koma m.a. að skipulagningunni.



5. Heimasíða DÍS

María Lilja skoðar á milli funda að finna hönnuð fyrir nýja heimasíðu.

6. Áherslumál starfsársins.

Enn til umræðu en nefnd hafa verið búfjárefniritið, málefni refa og sela og hvalveiðarnar. Hugmynd að fá frekari upplýsingar um málefni refa og sela frá viðkomandi setrum. Hugsanleg greinaskrif um þessi málefni skipulögð. Sigursteinn og Ágúst beðnir að hugsa leiðir varðandi hvalveiðar.

7. Önnur mál

Búið er að óska eftir fundi með matvælaráðherra og ríkislögreglustjóra en formaður mun halda stjórn upplýstri um framvindu slíkrar beiðni. Rætt var um að fá afstöðu allra stjórnmalaflokka í aðdraganda alþingiskosninga til dýraverndar ekki síst til blóðmerarhalds og hvalveiða.

Fundi slitið kl 19:30.

Næsti stjórnarfundur verður þann 27. ágúst.



3. stjórnarfundur DÍS

Dagsetning: 27.08.2024 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, María Lilja, Anna Berg, Sigursteinn, Þóra Hlín og Ágúst.

Ágúst ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

2. 110 ára afmælishátíð DÍS

a. Upplegg hátíðarinnar rætt og þar með talið hugsanlega fyrirlesara (5-6 talsins) og gesti s.s. önnur dýraverndundarsamtök, erlend sem innlend. Stefnt að líta bæði til fortíðar og framtíðar þegar kemur að dýravernd á Íslandi.

b. Verkefnum var skipt niður á stjórnarmenn en María Lilja mun leiða skipulagsstarfið í góðu samráði við formann og stjórn.

c. Athuga þarf með styrk til ráðuneytis vegna hátíðarinnar með bréfi.

d. Stefnt að hafa hátíðina í 7. nóvember (breytt í 14. nóv?) frá kl. 16-19 í Hinu húsinu.

3. Starfsmannamál DÍS

a. Kynnt var niðurstaða fjáröflunarátaks DÍS undir þessum fundarlið.

4. Áherslumál DÍS

a. Selir en Sigurstein mun byrja að skoða þau mál í samráði við Selasetrið

b. Refir en Anna mun byrja að skoða þau mál í samráði við Refasetrið.

c. Önnur áherslumál rædd þar með talið hvalavernd og búfjáreftilitið. Rætt um að fylgja eftir orðum ráðherra um hugsanlegar lagabreytingar í haust í þeim efnum í anda tillagna DÍS og Ríkisendurskoðunar frá því í fyrra. Rætt um að fylgja betur eftir tillögum DÍS.



5. Önnur mál

- a. Umræða um önnur mál s.s. um blóðmerahald og skráningu félagsins sem almannahagsmunafélag var frestað til næsta fundar.
- b. Rætt um nýtingu samfélagsmiðla s.s. TikTok. María Lilja tekur að sér að skoða betur.

Fundi slitið kl 19:30.

Næsti stjórnarfundur verður þann 10. september.



4. stjórnarfundur DÍS

Dagsetning: 10.09.2024 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, Sigursteinn, Anna, María Lilja og Ágúst. Þóra Hlín forfallaðist.

Ágúst ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

2. 110 ára afmælishátíð DÍS

a. Staðsetning rædd og stefnt að halda hátíðina í Hinu húsinu laugardaginn 16. nóvember.

María Lilja staðfestir við stjórn.

b. Hugmyndir af fyrirlesurum voru ræddar. M.a. var rætt um fyrirkomulag örfyrirlestra, lengri erinda og að hafa kveðjur að utan. Einstök svið dýraverndar s.s. tengsl þess við menntun, meðferð gagnvart fólki, veganisma, hvalavernd, ungt fólk og dýravernd o.s.frv. Þá var rætt um að fjalla frekar um tillögur DÍS og Ríkisendurskoðunar þegar kemur að búfjárefirliti. Stjórn klárar á milli funda.

c. Ákveðið að senda styrkbeiðni til matvælaráðuneytis um hátíðina. Linda undirbýr.

d. Ákveðið að undirbúa ályktun fyrir hátíðina. Stjórn undirbýr.

e. Veiting heiðursnafnbótar á hátíðinni. Stjórn undirbýr.

3. Áherslumál félagsins í vetur

a. Vernd sela. Sigursteinn fylgir eftir

b. Vernd refa. Anna fylgir eftir.



- c. Búfjárefirlit. Ágúst fylgir eftir í þingmálaskrá stjórnvalda.
Fá fund með Bændasamtökunum. Linda óskar eftir. Fá fund með Mjólkursamsölunni. Linda óskar eftir. Staðfesta fund með ríkislögreglustjóra 10. okt. Linda fylgir eftir
- d. Blóðmerahald. Gildistaka niðurfellingu reglugerðar. Ágúst skoðar

4. Breyting DÍS í almannaeillafélag

Undirbúa slíkt fyrir næsta aðalfund.

5. Samfélagsmiðlar.

María Lilja leiðir og skoðar varðandi að byrja með TikTok aðgang fyrir DÍS.

6. Önnur mál

- a. Starfsmannamál. Huga að auglýsingu og starfslýsingu í tæka tíð. Stefnt að ráðningu snemma næsta árs.
- b. Stjórnarfolk hvatt til að skrifa greinar
- c. Lögheimili DÍS. Það þarf að færa lögheimilið. Linda fylgir eftir.
- d. Um stöðu sauðfjárrekstur í haust. Linda og Anna fylgja eftir.
- e. Nafnið Dýraverndarfélag Íslands sem er upprunalegt heiti DÍS enn skráð á kennitölu á vegum fyrrum formanns DÍS sem ætlaði að láta sambandið hafa nafnið aftur en hefur ekki brugðist við. Linda og Ágúst skoða saman.

Fundi slitið kl 19:30.

Næsti stjórnarfundur verður þann 24. september.



5. stjórnarfundur DÍS

Dagsetning: 24.09.2024 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, María Lilja og Ágúst.

Ágúst ritar fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt síðustu fundargerðar frestað.

2. 110 ára afmælishátíð DÍS

Laugardagurinn 16. nóv frá 14-16 í Salnum í Kópavogi. Drög að dagskrá var rædd. Forseti Íslands mun opna viðburðinn. Senda punkta á forseta: Linda og stjórn. Umræður um skipulag. Formaður DÍS flytur ávarp um sögu DÍS. Samþykkt að hafa ályktun í lokin og afhenda heiðursviðurkenningar til félaga. Dýraverferðarsamtökum verður boðið að vera með kynningu á básum (einnig samtök á sviði náttúruverndar og umhverfismál). Stjórnarmenn annars hvattir til að skoða lifandi plagg um hátíðina á Google docs.

3. Áhersluatriði stjórnar í vetur

a. Refir og selir og búfjáreffirlit

Umræðu frestað.

b. Formaður leggur til að DÍS fundi með Bændasamtökum og Mjólkursamsölunni.

Linda finnur fundartíma.

4. Kæra MAST til MAR vegna Höfða

Ákveðið í vor af fyrri stjórn að kæra MAST og sveitarfélagið Borgarbyggð til matvælaráðuneytis og innviðaráðuneytis vegna málsins með sauðféð í Borgarbyggð. Anna skoðar milli funda.



5. Dýravelferðarmál í Skagafirði

Umræðu frestað.

6. Dýratilraunir

Umræðu frestað. Þó talað um að hugsanlega biðja þingmann að senda inn skriflega fyrirspurn til stjórnvalda um efnið til að fá umfang dýratilrauna á Íslandi á hreint.

7. Fræðslustyrkur frá matvælaráðuneyti fyrir fræðsluefni.

Linda og stjórn skoðar.

8. Merki DÍS og uppsetning efni v. samfélagsmiðla

Fá hugmyndir af slíku og kostnaði við slíkt. Ákveðið að hafa samband við hönnuðinn Styngva.

9. Önnur mál

- a. Verkaskipting stjórnar, sjá google docs.
- b. Dráp á ísbirni á Vestfjörðum. Umræður.

Fundi slitið kl 19:15.

Næsti stjórnarfundur verður þann 8. október.



6. stjórnarfundur DÍS 2024-2025

Dagsetning: 08.10.2024 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, María Lilja, Sigursteinn og Anna Berg. Ágúst og Þóra Hlín boðuðu forföll.

Sigursteinn fór af fundi 19:15.

Linda ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Fært til næsta fundar.

2. 110 ára afmælishátíð DÍS

Umræða um dagskrá og hverjir flytja erindi. Sigursteinn tekur að sér að heyra í tónlistarmanni, erlendum dýravelferðarsamtökum og aðila sem gæti verið kynnir. Anna Berg mun taka að sér að fjalla um dýravelferð og menntamál og ræðir við aðila sem gæti komið að þessu erindi með henni. María Lilja er komin í samband við Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) varðandi erindi frá þeim. Hafa þarf samband við náttúru- og dýravelferðarsamtök í næstu viku til að bjóða þeim að taka þátt með því að kynna sína starfsemi.

3. Áherslumál

Búfjárefirlit - Formaður hefur óskað eftir fundi með Bændasamtökum Íslands og einnig Mjólkursamsölnunni til að ræða dýravelferð en ekki fengist. Fundur með ríkislögreglustjóra verður á fimmtudag þar sem ferlar lögreglu í dýravelferðarmálum verða ræddir.

Sigursteinn er í sambandi við aðila hjá Selasetrinu og Anna í sambandi við aðila hjá Refasetrinu til að fá nánari upplýsingar.

4. Kæra MAST til MAR

Ákveðið í vor að kæra MAST og sveitarfélagið Borgarbyggð til matvælaráðuneytis og innviðaráðuneytis þar sem velferð dýranna var ekki varin og ágangsfé ekki smalað heldur féð látið bera eftirlitslaust um sveitina. Anna Berg setur upp bréfið.



5. Dýravelferðarmál í Eyjafirði

Áratugagamalt mál á bæ í Eyjafirði þar sem dýr búa við slæman aðbúnað, vangeta eigenda hefur lengi verið augljós og þessi bæ er reglulega tilkynntur án þess að aðbúnaður breytist. Nauðsynlegt er að nærsamfélagið bregðist við í málum þar sem vandamál eru á bæjum. Ekkert ferli er fyrir hendi þegar vangeta er á bæjum. Leyfiskylda þarf búfjárhald þar sem skýrir ferlar eru fyrir hendi þegar vangeta er fyrir hendi sem felur í sér stuðning frá nærsamfélagi og yfirvöldum. Breytist aðstæður ekki þrátt fyrir stuðning er viðkomandi aðili metinn óhæfur og missir leyfið. DÍS þarf að eiga samtál um þetta við MAR, sveitarfélögin, Bændasamtök Íslands og MAST. Rætt að formaður nálgist þetta í erindi á afmælishátíð DÍS.

6. Notkun ólöglegra hundaóla á sýningum HRFÍ

HRFÍ benti félagsmönnum á að kynna sér ólöglegan búnað fyrir síðustu sýningu í október, en stöðvaði ekki notkun þessara óla á sýningunni. Um er að ræða ólar sem herðast óheft að hálsi og er ill meðferð. Hundar í verðlaunasætum með þessar ólar hjá HRFÍ. Ákveðið að senda annað erindi til HRFÍ vegna þessa.

7. Merki DÍS og uppsetning efni v. samfélagsmiðla

Fært til næsta fundar.

8. Önnur mál

Engin.

Fundi slitið kl 19:30.

Næstu fundur verður þriðjudaginn 22. október kl 18:00.



7. stjórnarfundur DÍS 2024-2025

Dagsetning: 22.10.2024 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, María Lilja, Ágúst Ólafur og Þóra Hlín. Sigursteinn og Anna Berg boðuðu forföll.

Linda ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Fundargerðir 4. og 5. stjórnarfundar samþykktar.

2. 110 ára afmælishátíð DÍS

Umræður varðandi undirbúning afmælishátíðar. Þóra Hlín tekur að sér að hafa samband við Morgunblaðið og Kópavogsblaðið.

4. Blóðmerahald

Ósk frá erlendum dýravelferðarsamtökum, AWF/TSB um samstarf í tengslum við komandi kosningar. Fundur með þeim á fimmtudaginn kemur, Linda og María Lilja verða fulltrúar DÍS á fundinum.

5. Afstaða stjórnarmálaflokka til dýravelferðarmála

Ákveðið að halda pallborðsumræður með stjórnarmálaflokkunum til að heyra þeirra afstöðu til dýravelferðarmála. Ágúst tekur að sér að hafa samband við flokkana.

6. Merki DÍS og uppsetning efni v. samfélagsmiðla

Frestað til næsta fundar.

7. Aðbúnaður dýra í gæludýraverslun

Í gæludýraversluninni Fiskó eru páfagaukarhaldnir í búrum beint fyrir ofan búrin fyrir smádýrin (kanínur, naggrísir, hamstrar). Páfagaukarnir garga stanslaust og um að ræða brot á reglugerð um velferð gæludýra: *"Staðsetja skal ólíkar tegundir dýra í gæludýraverslun þannig að staðsetningin valdi þeim sem minnstu álagi og streitu."*



MAST hefur einhverra hluta vegna heimilað Fiskó að setja þetta svona upp þótt það sé ljós að áreiðið er mikið. Einnig eiga gæludýraverslanir að afhenda fólki upplýsingabækling þegar það kaupir af þeim dýr - slíkt er ekki gert í Fiskó og jafnvel ekki í öðrum slíkum verslunum. Ákveðið að senda ábendingu til MAST.

Fundi slitið kl 19:15.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 5. nóvember kl 18:00.



8. stjórnarfundur DÍS 2024-2025

Dagsetning: 05.11.2024 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, María Lilja, Ágúst Ólafur, Anna Berg og Þóra Hlín. Sigursteinn forfallaðist.

Linda ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Samþykkt.

2. Áherslumál

Umræður um áherslur á opnum fundi með fulltrúum stjórnmalaflokkanna.

3. Blóðmerahald

Umræður um hvernig komi skuli á framfæri afstöðu stjórnmalaflokkanna að banna blóðmerahald með lögum. Búin verða til stutt myndbönd sem verður deilt á samfélagsmiðlum.

4. Afstaða stjórnmalaflokka til dýravelferðarmála

Umræður varðandi undirbúning opins fundar DÍS með stjórnmalaflokkunum í löu bókakaffi þann 7. nóvember. Níu stjórnmalaflokkar senda fulltrúa; Samfylkingin, Sósíalístaflokkur Íslands, Flokkur fólksins, Píratar, Viðreisn, Vinstri grænir, Sjálfstæðisflokkur, Framsókn og Miðflokkurinn. Fundurinn verður í beinu streymi. Ákveðið að búa til stutt myndbönd og myndir til að vekja athygli á afstöðu flokkanna til búfjárefirlits, blóðmerahalds og hvalveiða. María Lilja tekur að sér að vinna myndböndin fyrir samfélagsmiðla (Facebook, Instagram, TikTok).

5. Merki DÍS og uppsetning efni v. samfélagsmiðla

Tilboð frá hönnuðinum Stefáni (Styngvi) yfirfarin. Ákveðið að taka tilboði til að byrja með þar sem stjórn fær tillögur að þremur nýjum merkjum og getur endurskoðað þau þrisvar sinnum. Linda hefur samband við hönnuðinn.



6. Næstu skref með TAKK

Ársfundur TAKK vegna fjáröflunar fyrir næsta ár verður haldinn um miðjan nóvember. Linda fer á fundinn og upplýsir stjórn um framhaldið.

7. HRFÍ boðar DÍS á samráðsfund um innflutningsreglur fyrir gæludýr

Hundaræktarfélag Íslands (HRFÍ) hefur óskað eftir liðsinni DÍS vegna ákvörðunar Ícelandair að hætta að flytja gæludýr til og frá landinu með farþegaflugum. Eftirleiðis muni gæludýr eingöngu verða flutt með Ícelandair Cargo frá Liege í Belgíu og JFK flugvelli í New York. Þetta mun hafa slæm áhrif á velferð dýra og mun erfðara verður fyrir fjölskyldur og ræktendur að flytja dýr til landsins. Ákveðið að DÍS muni taka þátt í yfirlýsingu með HRFÍ.

6. Önnur mál

Engin.

Fundi slitið kl 19:30.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 19. nóvember kl 18:00.



9. stjórnarfundur DÍS 2024-2025

Dagsetning: 26.11.2024 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, María Lilja, Sigursteinn, Anna Berg og Þóra Hlín. Ágúst forfallaðist.

Linda ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Samþykkt.

2. Lengri flutningsleið í sláturhús frá Vestfjörðum og Ströndum

Kaupfélag Skagfirðinga mun loka sláturhúsi á Hvammstanga og verður slátrað á Sauðárkróki í staðinn. Þetta lengir flutningsleið dýra sem eru að koma frá Vestfjörðum og Ströndum um 150 km. Þau lömb eru of hvorki búin að éta eða drekka í 2 sólarhringa skv ábendingu sem barst DÍS, þeim er smalað og komast oft ekki í fóður eða vatn út af því þau kunna ekki að nota brynningarskálar og síðan rekin á bíl.

Þessi dýr séu örmagna þegar þau komi á Hvammstanga og nú á að leggja enn meira á dýrin fyrir hagræðingu. Ákveðið að óska eftir fyrirtöku hjá fagraði um velferð dýra um langar flutningsleiðir vegna sameiningar sláturhúsa og senda bréf til MAST vegna þessa.

3. Brunar í útihúsum

6.000 fuglar drápust í bruna hjá Nesbú í nóvember. Er það fjórði bruninn á um tveggja ára tímabili þar sem dýr brenna inni, brunavörnum er ábótavant í útihúsum.

Fagrað um velferð dýra hafði óskað eftir við matvælaráðuneyti að starfshópur yrði myndaður vegna brunavarna. Ákveðið að DÍS áreitti þetta í ljósi nýrra atburða og óskað eftir upplýsingum um hvar þetta mál sé statt og óska eftir samtali.

4. Icelandair hætt að flytja gæludýr með farþegaflugi

DÍS sendi yfirlýsingu ásamt HRFÍ vegna þessa máls. Ákveðið að ræða á fundi með nýjum matvælaráðherra.



5. Merki DÍS

Umræður um fyrirhugaða hönnun á nýju merki DÍS og ákvörðun um að taka tilboði um brand style þar sem hönnuðurinn leggur línur varðandi leturgerð og fleira fyrir sambandið. Bagalegt er hversu líkt núverandi merki er merki stjórnmálaflokks. Unnar verða þrjár tillögur af hálfu hönnuðarins Styngva og þær lagðar fyrir aðalfund þar sem félagar kjósa um nýtt merki DÍS.

6. Fjármál DÍS og markmið næsta árs

Formaður fór yfir fjárhag sambandsins og kynnti markmið í fjáröflun sem TAKK leggur til fyrir næsta ár. Markmiðin eru mjög raunhæf, ákveðið að stefna að þeim. Nokkrir sem styðja sambandið ekki í gegnum TAKK, ákveðið að starfsmaður muni sjá um að halda utan um þessa bakhjarla DÍS.

7. Kveðjur til þeirra sem styrkja um háa upphæð

Ákveðið að senda sérstök þakkarkort til þeirra dýravina sem styðja DÍS með hárrí upphæð. Linda tekur að sér að útbúa kort frá DÍS og það unnið áfram með stjórn.

8. Starfsmaður DÍS

Ákveðið að senda út atvinnuauglýsingu á Alfreð milli jóla og nýárs og stefnt að því að starfsmaður hefji störf í 50% stöðu þann 1. febrúar 2025. Sigursteinn leggur til að leigð verði starfsaðstöða fyrir starfsmann og fyrir stjórnarfundum sem fékk góðan hljómgrunn og verður skoðað nánar síðar.

9. Önnur mál

i) Ákeyrslur á sauðfé

Vegna lausagöngu sauðfjár er algengt að ekið sé á sauðfé sem er hörmulegt. Formaður leggur til að DÍS óski eftir upplýsingum um hversu margar kindur hefur verið ekið á undanfarin ár. Anna Berg mun heyra í aðila sem hefur þekkingu á málinu og upplýsa um næstu skref.

ii) Útivist kúa

Kýr eiga skv lögum að vera á beit í 8 vikur ákveðið tímabil árlega. Ákveðið að óska eftir upplýsingum frá MAST varðandi útivist kúa, hversu margir bændur setja dýr sín ekki út og viðurlög við því. Linda setur upp bréfið.



Fundi slitið kl 19:30.

Vinnufundur vegna ráðningar starfsmanns verður þann 12. desember.

Næsti stjórnarfundur verður þriðjudaginn 7. janúar kl 18:00.